

Fundargerð 297. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 14. maí 2024
Fundartími: 16:00-17:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við fundargerð stjórnar UTU nr. 110 ásamt samþykktum UTU til síðari umræðu undir lið 6 f). Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur Flóahrepps 2023 – Seinni umræða

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2023 lagður fram til seinni umræðu í sveitarstjórn ásamt sundurliðunarbók og endurskoðunarskýrslu. Fyrri umræða um ársreikninginn fór fram í sveitarstjórn þann 7. maí 2024.

Niðurstaða ársreiknings Flóahrepps fyrir árið 2023 er jákvæð í A hluta og í A og B hluta samanlagt.

Samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins námu rekstrartekjur A og B hluta á árinu 2023 1.190 millj.kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 105,5 millj. kr., en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 105,2 millj. kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 13,3 millj. kr. frá samstæðu.

Veltufé frá rekstri A og B hluta nam 154,9 millj. kr. en 144,1 millj.kr. í A hluta.

Bókfært verð eigna sveitarfélagsins nam 1.179,1 millj. kr. í árslok 2023, eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 819,5 millj. kr. og skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins námu samtals 359,6 millj. kr. í árslok.

Fjárfestingar á árinu 2023 námu 97,7 millj. kr í A og B hluta. Stærsti hluti fjárfestinga var í vatnsveitu sveitarfélagsins.

Skuldahlutfall sveitarfélagsins í árslok 2023 nam 30,2% í A og B hluta en það er langt undir leyfilegu hámarki. Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili (2021-2023) er jákvæður um 99,3 millj. kr. í A og B hluta. Hlutfall launa og launatengdra gjalda af rekstrartekjum í A og B hluta nemur 50,7% en áætlun gerði ráð fyrir 54,7%. Í ársreikningnum er hlutdeild sveitarfélagsins í einstökum liðum rekstrar og efnahags samstarfsverkefna færð til samræmis við ábyrgð sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir samhljóða ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2023 og staðfestir hann með áritun sinni. Einnig samþykkir sveitarstjórn framlagða sundurliðunarbók og endurskoðunarskýrslu 2023. Niðurstöður ársreiknings 2023 sýna góða stöðu sveitarfélagsins og eru gott veganesti inn í komandi framkvæmdir við Flóaskóla, uppbyggingu við Þingborg og áframhaldandi uppbyggingu innviða svo sem vatnsveitu.

Sveitarstjórn vill þakka stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir þeirra mikilvæga framlag er varðar ábyrga rekstrarstjórnun innan deilda sveitarfélagsins og gott utunumhald og eftirlit.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Ársreikningur Flóaljóss 2023

Ársreikningur Flóaljóss fyrir árið 2023 lagður fram. Samkvæmt ársreikningi Flóaljóss námu rekstrartekjur félagsins um 10,0 millj. kr. á árinu 2023. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 3,4 millj. kr. Veltufé frá rekstri nam 6,6 millj. kr. Bókfært verð eigna Flóaljóss nam 122,4 millj. kr. í árslok 2023, eigið fé nam 84,9 millj. kr. og skuldir námu samtals 37,5 millj. kr.



Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir samhljóða ársreikning Flóaljóss fyrir árið 2023 og staðfestir hann með áritun sinni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Fundargerðir skipulagsnefndar Nr. 280, dags. 08.05.2024

a) Hnaus lóð L178933; Skilgreining lóðar; Deiliskipulag – 2404067

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til lóðar Hnaus lóð L178933. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss, tveggja gestahúsa og útihúss/gróðurhúss.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins er varðar uppbyggingu á landspildum m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðu landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu deiliskipulags sem tekur til lóðar Hnaus lóð L178933 og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins er varðar uppbyggingu á landspildum m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðu landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Grímsskjól L236179; Stofnun 6 smábýlalóða og landskipti; Deiliskipulag – 2403039

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til landskikans Grímsskjól L236179 úr landi Hallanda í Flóahreppi. Svæðið skiptist í tvo hluta um Engjalæk sem þverar skikann. Á syðri skikanum eru afmarkaðar sex smábýlalóðir þar sem heimilt verður að stofna lögbýli, byggja upp bæjartorfur og stunda hvern þann búskap sem heimilt er á landbúnaðarlandi samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins er varðar uppbyggingu á landspildum m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðu landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til landskikans Grímsskjól L236179 úr landi Hallanda í Flóahreppi og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins er varðar uppbyggingu á landspildum m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðu landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum. Sveitarstjórn bendir á að sækja þarf sérstaklega um ljósleiðaratengingu en þar er ekki um lögbundið hlutverk sveitarfélagsins að ræða og ekki sjálfgefið að rými sé fyrir nýjar tengingar í kerfinu. Umsækjanda er bent á að hafa samband við verkefnastjóra Flóaljóss varðandi tengingu við kerfið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Reglur vegna kjörs á íprótta- og afreksfólki Flóahrepps

Fyrir liggja drög að reglum vegna kjörs á íprótta- og afreksfólki Flóahrepps ásamt tillögum frá íprótta- æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir að gera eftirfarandi breytingar á framlögðum reglum:

1. gr. Val á íprótta- og afreksfólki Flóahrepps skal kynnt á vorhátíðinni Fjör í Flóa ár hvert. Íprótta- æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps velur íprótta- og afreksfólk Flóahrepps úr innsendum tilnefningum og leitar áhlits annarra aðila eftir þörfum.

2. gr. Íþróttta- og afreksfólk Flóahrepps verður að vera í íþróttafélagi innan Íþróttta- og ólympíusambands Íslands og vera búsett í Flóahreppi eða keppa fyrir hönd íþróttta- eða ungmennafélags í sveitarfélaginu.

4. gr. Allir sem skrásettir eru innan Flóahrepps geta tilnefnt íþróttta- og afreksfólk til kjörsins og skal íþróttta- æskulýðs- og menningarnefnd auglýsa eftir tilnefningum árlega. Þeir sem stunda íþrótt sína utan sveitarfélagsins eru einnig kjörgengir en einungis er þó heimilt að velja einn aðila eða lið úr hverri íþróttgrein. Allar tillögur skulu rökstuddar. Tilnefnt íþróttta- og afreksfólk skal hafa náð 15 ára sldri á keppnisárinu.

6. gr. Íþróttta- æskulýðs- og menningarnefnd hefur heimild til að veita aukalega sérstaka viðurkenningu fyrir óeigingjarnt starf í þágu íþróttta- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu og skal sú viðurkenning veitt á sömu hátið og þar sem íþróttta- og afreksfólk er heiðrað.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. **Erindi frá Bjarka Traustasyni f.h. félags lóðaeigenda í Mörk og Merkurhrauni - Farsímakerfi í Flóahreppi**

Fyrir liggur erindi frá Bjarka Traustasyni f.h. félags lóðaeigenda í Mörk og Merkurhrauni er varðar slæmt fjarskiptasamband á svæðinu. Sveitarstjórn er hvött til þess að ýta á fjarskiptafélög um bætt farsíma- og gagnasamband á svæðinu.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi og tekur undir þörf á bættu sambandi á svæðinu í kringum Mörk- og Merkurhraun. Töluverð uppbygging íbúðahúsnæðis, frístundahúsa og verslunar og þjónustu er framundan á svæðinu miðað við gildandi skipulag og því brýnt að bæta samband á svæðinu. Einnig bendir sveitarstjórn á mikilvægi öruggs farsímasambands útfrá öryggissjónarmiðum á svæðinu. Sveitarstjóra falið að senda bókun og hvatningu á fjarskiptafélög vegna málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. **Fundargerðir:**

- Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 296, dags. 07.05.2024
- Aðalfundar Landskerfis bókasafna hf. dags. 07.05.2024
- Stjórnar Bergisans bs. nr. 72, dags. 22.04.2024
- Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 235, dags. 06.05.2024
- Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 109, dags. 24.04.2024
- Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 110, dags. 13.05.2024 ásamt uppfærðum samþykktum til síðari umræðu

Varðandi lið 1 í fundargerð þá samþykkir sveitartjórn Flóahrepps framlagða samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. í síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. dags. 26.04.2024

7. **Efni til kynningar**

- Umsógn Samtaka orkusveitarfélaga um frumvart til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi
- Ársfundur Náttúruhamfaratryggingar Íslands 16. maí 2024
- Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 4. júní kl. 16:00 í Þingborg.

8. **Trúnaðarmál**

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Árni Eiríksson 1282

Harpa Magnúsdóttir

Árni Eiríksson

Walter Fannar Kristjánsson

Hulda Kristjánsdóttir

Fundargerð 151. fundar Fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Þriðjudagur 21. maí 2024

Fundartími: Krakkaborg 16:30-17:10
Sameiginlegt 17:10-17:20
Flóaskóli 17:20-18:30

Fundarmenn: Bjarni Stefánsson, formaður
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, varaformaður
Hjalti Guðmundsson, aðalmaður
Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla
Íris Grétarsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla
Catharina Krentel, fulltrúi skólaráðs

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Axel Páll Einarsson aðalmaður boðaði forföll með stuttum fyrirvara
Kristrún Jónsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar boðaði forföll

Krakkaborg

Undir þessum lið sátu eftirfarandi: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson og Sara Guðjónsdóttir

1. Fréttir af skólastarfinu. Hefðbundið skólastarf gegnur vel. Vorskólavika var í síðustu viku. Uppbrotsdagar framundan og má þar nefna heimsókn Sirkus Íslands, hjóladag og útskriftarferð. Opið hús verður 31.maí n.k.
2. Skóladagatal Krakkaborgar með skráningardögum. Leikskóladagatal Krakkaborgar fyrir næsta skólaár lagt fram. Er það með svokölluðum skráningardögum í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar um að börn verði skráð í dvöl eða ekki í dvöl ákveðna daga yfir veturinn s.s. þá daga sem frí er í Flóaskóla. Ekki verði tekið gjald fyrir dvöl eða fæði fyrir þá af þessum dögum sem barn er ekki í dvöl. Er þetta gert til að auðvelda framkvæmd á styttingu vinnuvikunnar hjá starfsfólki leikskólans. Skóladagatal Krakkaborgar fyrir veturinn 2024-2025 er samþykkt.
3. Umræður um næsta skólaár. Eins og staðan er núna stefnir nemendafjöldi næsta skólaár í 41 nemenda. Ráðningar fyrir næsta skólár standa yfir og gengur það vel. Enn vantar í eina stöðu. Hlutfall fagmenntaðs starfsfólks er um 50%.
4. Grænfáni eða umhverfisstefna? Umræður voru um Grænfánaverkefnið og hvort æskilegt væri að vinna að umhverfsvænum starfsaðferðum með öðrum hætti en Grænfánaverkefninu t.d. með eigin umhverfisstefnu og þá í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Gott er að skoða þetta í samhengi við næstu endurskoðun á skólastefnunni.
5. Önnur mál. Rætt um skólalóð. Áhugi er að fá ráðgjöf um skólalóðina. Þörf er á leiktæki en áhugi á að halda lóðinni náttúlegri. Þörf á viðhaldi á skólalóðinni.

Sameiginlegt

Undir þessum lið sátu eftirfarandi: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Sara Guðjónsdóttir, Þórunn Jónasdóttir, Íris Grétarsdóttir og Catharina Krentel.

6. Önnur mál. Rætt um að samræma skipulag á uppbrotsdögum sem ekki koma beinlínis fram á skóladsgatali næsta skólaár. Samstarf skólanna hefur gengið vel og er ánægja með það.

Flóaskóli

Undir þessum lið sátu eftirfarandi: Bjarni Stefánsson, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Hjalti Guðmundsson, Sævar Örn Sigurvinsson, Þórunn Jónasdóttir, Íris Grétarsdóttir og Catharina Krentel.

1. Fréttir af skólastarfinu.
 - a. Fjölskyldudagur verður á morgun miðvikudag. Nokkuð af nemendum koma á hestum í skólann, Sirkus Ísland sýnir o.m.fl.

- b. Upplestrarkeppni 7.bekkjjar hefur verið haldin í skólanum og Stóra upplestrarkeppni sex skóla verður haldin á Laugarvatni á fimmtudaginn.
 - c. Skólahreysti. Úrslit verða á laugardaginn kemur og verður rúta fyrir nemendur frá Flóaskóla. Mikill spenningur er í skólanum fyrir keppninni.
 - d. Undirbúningur næsta vetrar er í fullum gangi. Upphafi skóladags verður seinkað um 10 mínútur. Samstarf verður með öðrum skólum um valgreinar. Næsta vetur verður 7.bekkur með miðstiginu og stefnt að því að halda því. 7. bekkur hefur ýmist fylgt miðstigi eða unglingastigi.
 - e. Vorferðir verða á næstunni.
 - f. Útskrift 10.bekkjjar verður 3.júní kl 17 og skólaslit 4.júní kl 10.
2. Jafningjamat kennara og næstu skref.
 - a. Niðurstöður á mati voru kynntar í súluriti.
 - b. Stefnt er á upptöku á eigin kennslu næsta vetur þar sem kennarinn skoðar sína eigin kennslustund.
 - c. Næsta vetur verður teymi kennara sem kryfur kennslustund bæði kennslu og það sem fram fer í kennslustofunni hjá hver öðrum í teyminu (Lesson study).
 3. Styrkir til símenntunar og fræðslu, sem fengist hafa fyrir skólaárið 2024-2025
 - a. Endurmenntunarstyrkur, alls 625 þúsund frá Kennarasambandinu sem ætlað er í fyrirlestra eða námskeið fyrir kennara um:
 - i. Leiðsagnarnám
 - ii. Teymiskennslu í aldursblönduðum nemendahópi
 - b. Sprotasjóðsstyrkur, alls 665 þúsund frá Rannís. Nýtist til að greiða kennurum fyrir undirbúning og framkvæmd á:
 - i. Teymiskennslu í aldursblönduðum nemendahópi
 1. Gæðamat
 2. Lesson study
 3. Bravo lesson
 4. Styrkur Nordplus, samstarf við Gudenåskolen, 31.060 evrur (u.þ.b. 4.680.000 kr) til verkefnisins í heild skólaárið 2024-2025. Sótt eru um styrkinn af báðum skólunum og skiptist hann á skólana. Gudenåskolen hýsir styrkinn.
 5. Auglýsingar fyrir komandi skólaár.
 - a. Auglýsa þarf stöður skólastjórnenda sem voru ráðnar tímabundið.
 - b. Búið að ráða tvo kennara Erlu Jónatansdóttir í umsjón 10.bekkjjar og Ólöfu Kristínu Knappett Ásgeirsdóttir í umsjón 1.-4.bekkjjar
 6. Skólaakstur.
 - a. Breytingar verða á leiðum vegna fjölda nemenda við Villingaholtsveg neðan við skólann.
 - b. Siguður Ó hættir akstri og samið hefur verið við Gunnar P. Larsen og Ragnheiði Ástu Styrmissdóttur
 7. Önnur mál. Engin



Fundargerð nr. 22

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	Miðvikudagur 23. maí 2024
Fundartími:	8:15-9:45
Fundarmenn:	Haraldur Einarsson, formaður Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Að auki sat Börkur Brynjarsson ráðgjafi fundinn

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Þingborg – Breytingar á sal

Börkur er í samskiptum við Sigurð U. Sigurðsson sérfræðing í burðarþoli en gögn frá honum bárust ekki fyrir fund. Börkur mun hitta aðila sem eru í steinsögun og fá kostnaðaráætlun frá þeim. Gerð verður kostnaðaráætlun varðandi stál og niðurrif/sögun á steypu og kostnaðaráætlun og tillögum skilað af nefndinni til sveitarstjórnar sem tekur svo ákvarðanir um málið.

2. Vatnsveita Flóahrepps

Verið er að smíða brunn sem fer í Ruddakrók og stendur til að það klárast í næstu eða þarnæstu viku. Í brunnum verður rafstýrður loki sem opnar og lokar eftir vatnshæð í tanki. Með þessu verður hægt að stýra þrýstingi í kerfinu. Getur orðið einhver röskun á afhendingu vatns þegar verkið verður klárað og þá líklegast að það hafi áhrif í neðri hluta sveitarfélagsins. Ef stefnir í röskun á afhendingu vatns þá leggur nefndin áherslu á að velja tímasetningu útfrá notkun ásamt því að upplýsa notendur sem gætu orðið fyrir áhrifum.

Eftir þessar framkvæmdir ætti helsti ávinningurinn að vera sá að lögn frá Þingdal er stækkuð en hún kemur inn á stofninn frá Neistastöðum í Ruddakrók. Vatnsrennsli ætti að aukast og þrýstingur á lögninni og vatni beint að Neistastöðum frá Ruddakróki. Þrýstingur á hæstu punktum á svæðinu í kring ætti að verða betri og vatnsþrýstingur ekki að detta niður um leið og rafmagn fer af. Við þetta ætti vatnstaka frá Selfossi að minnka. Rætt um að líklega þurfi svo að skoða þrýstiminkara á lögn að Neistastöðum.

RARIK er í uppbyggingu á dreifikerfinu meðfram Þjóðvegi 1 og mun það einnig auka afhendingaröryggi vatns á svæðinu þar sem minni líkur eru á rafmagnsleysi í dæluskúrum vatnsveitunnar þegar rafínur varða komnar í meira mæli í jörð.

Horfa þarf á þróun í uppbyggingu í sveitarfélaginu sem kallar á meira vatn. Börkur ætlar að finna gögn frá því að vatnstaka frá Haukadal var könnuð en þar var gerð áætlun um þróun



uppbyggingar út frá vatnsveitunni. Gott væri að uppfæra þau gögn miðað við núverandi ástand. Rætt um að vatnstaka í framtíðinni sé að öllum líkindum að eiga sér stað frá svæðum ofan við Flóahrepp og að uppbygging og styrking vatnsveitunnar þurfi að taka mið af því.

Börkur átti fund með verktökum í vatnsveitunni á milli funda nefndarinnar. Hann vinnur út frá þeim upplýsingum og setur í verkskrá. Nokkur verkefni sem nefnd voru en eitt af þeim verkefnum sem þarf að huga innan fárra ára er að fjárfesta í lögninni frá Selfossi að Þingborg. Í dag er 225 mm lögn en gott væri að gera ráð fyrir að stækka hana. Einnig rætt um að svera þurfi lögnina frá Merkurhrauni að Huldu- og Maríhólum. Í dag er 60 mm lögn þar. Börkur mun ræða við verktaka sem munu sinna vatnslögnum innan svæðisins í Huldu- og Maríuhólum og skoða samning við hann um að leggja lögn þarna samhliða þeim framkvæmdum. Gera þarf verksamning um þá framkvæmd. Einnig var talað um að fara í lagfæringar frá Grund að Mýrum og frá Galtastöðum að Gaulverjabæ. Börkur heldur utanum þessi verkefni í verkskrá og kemur með tillögu að forgangsriðun.

Börkur mun fara yfir nýju lögnina frá Neistastöðum að Skeiðavegamótum með verktaka.

Rætt um dælustöðvar og bilanatilkynningar. Nefndin leggur áherslu á að í sumar verði farið að nettengja alla dæluskrúvar upp á að fá bilanatilkynningar. Í dag fá verktakar bara tilkynningu um bilun en vita ekki hvers konar bilun um ræðir. Uppfæra þarf vöktunarkerfið þannig að þeir sem sinna vöktun fái betri upplýsingar t.d hvort það er hiti sem veldur bilun eða hvort um er að ræða vatnsleysi.

Innra eftirlit vatnsveitunnar: Börkur hitti heilbrigðisfulltrúa frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands á dögnum og fór með þá á nokkra staði til að sýna þeim veituna. Einnig farið yfir stöðuna á handbók innra eftirlits með þeim. Nokkur atriði sem þarf að fara yfir í handbókinni og innra eftirlitinu og mun Börkur halda þeirri vinnu áfram og vera áfram í sambandi við Heilbrigðiseftirlitið.

Laga þarf girðingar við Þingdal. Hulda mun fá verktaka í að lagfæra þær girðingar. Eigendur Hurðarbaks munu girða í kringum gömlu lindina við Ruddakrók. Börkur skoðar frágang á holunni þar og að gamall skúr sé fjarlægður.

3. Fráveitumál

Vandamál eru með rotþró við Brandshús 5 og 6. Hún var tæmd af Hreinsitækni á dögnum. Um er að ræða stóra rotþró sem ætti ekki að vera orðin full frá síðustu losun. Staðan var þannig í apríl að ekki rann niður úr vöskum. Börkur og verktaki munu skoða fráveitumál í Brandshúsahverfinu. Sveitarfélagið mun gera lagfæringar á fráveitunni í hverfinu en nefndin leggur til að sveitarfélagið endurskoði svo skyldu sína vegna fráveitumála í hverfinu í samráði við fasteignaeigendur þar.



Rætt um hvort sveitarfélagið geti skyldað fasteignaeigendur til að vera með brunn á bakvið rotþró til að hægt sé að greina betur hvar vandamálið við rotþró liggur. Í þessu samhengi þarf að skoða samþykktir um fráveitur í Flóahreppi.

4. Innanhúsbreytingar í Flóaskóla

Umsjónarmaður fasteigna og húsvörður í Flóaskóla hafa undirbúið stofur og rými til að hefja framkvæmdir. Verktaki klár að byrja.

Hulda og Börkur sækja um byggingarleyfið um leið og öll gögn liggja fyrir frá Eflu þ.e fullgerðar teikningar og brunagreinagerð.

Framkvæmda- og byggingarnefnd mun funda á næstu vikum og mun taka ákvarðanir um útlit á innréttingum í heimilisfræðistofu og fleira sem snýr að framkvæmdum. Framkvæmda- og veitunefnd leggur áherslu á að nýta það sem hægt er að nýta í innréttingum og tækjum á eðlilegan og skynsaman hátt.

5. Bókun sveitarstjórnar frá 7. maí vegna Gömlu Þingborgar og Félagslundar

Sveitarstjóri hefur fengið fasteignasala til að meta Gömlu Þingborg í kjölfar erindis sem sveitarstjórn fékk um áhuga á kaupum á húsinu og er beðið eftir frekari upplýsingum frá honum. Verið er að skoða lóðamál í kringum Félagslund og verður fenginn fasteignasali til að skoða það hús líka á næstunni. Að mati nefndarinnar er það væntanlegs kaupanda að láta skoða eign ef áhugi er á að gera kautilboð þ.e láta meta viðhaldsþörf og annað sem getur haft áhrif á kautilboð.

6. Verkefni sumarsins

Í sumar munu innanhússframkvæmdir í Flóaskóla klárast og pallar utanhúss í sumar og haust. Koma þarf upp varaafli og koma ljósleiðaratengingu á alla dæluskúra. Fara í umbætur á vöktunarkefi á dæluskúrum. Einnig stefnt að því að fara í framkvæmdir við vatnslögn frá Merkurhrauni að Huldu- og Maríuhólum samhliða framkvæmdum í hverfinu. Að auki eru nokkrar nýtingingar framundan skv. fyrirbyggjandi umsóknum.

Börkur um halda áfram að sinna sínum verkefnum samkvæmt verksamningi og ákvörðunum nefndarinnar.

Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 19. júní kl. 8:15 í Þingborg.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra

23. 05 2025

Fundur hefst kl.20:00

Mætt Jakob Nielsen Kristjánsson, Helena Hólm, Helgi Sigurðsson, Svanhvít Hermannsdóttir og Halla Kjartansdóttir.

1. Fara yfir myndir frá plokkegi. Ákveðið að veita verðlaunin á Fjöri í Flóa. Ákveðið var að velja mynd sem Halla Kjartansdóttir sendi inn. Halla Kjartansdóttir vék af fundið við afgreiðslu málsins. Ákveðið að verðlaunin séu tré til gróðursetningar. Lagt til að myndin verði birt á heimasíðu Flóahrepps.

2. Umhverfisverðlaun, breytingar á reglum:

2.1 Veitt verði umhverfisverðlaun annað hvert ár, á oddatölum í fyrsta sinn 2025 eftir nýjum reglum.

2.2 Að verðlaunaskiltin standi uppi í tvö kjörtímabil, eftir það séu þau tekin niður og þá endurnýtt í þágu umhverfisverndar.

3. Fundur hjá Vegagerðinni

Ekki er í auglýsni að áttak verði gert í vegamálum hreppsins á næstu árum ef marka má niðurstöður fundarins. Lýsir nefndin vonbrigðum með það.

4. Önnur mál

Jakob Nielsen

Helena Hólm

Helgi Sigurðsson

Svanhvít Hermannsdóttir

Halla Kjartansdóttir

13. Stjórnarfundur Arnardrangs hses

22.04.2024

Staðsetning: Fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 14:43.

Fundinn sátu: Fjóla St. Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson og Ása Valdís Árnadóttir
Frá Bergrisanum mættu Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

1. Tillaga um að senda fundargerðir stjórnar á sveitastjórnir

Lagt fyrir stjórn hvort það sé vilji að sveitarstjórnir fái sendar fundargerðir stjórnar Arnardrangs.

Stjórn samþykkir samhljóða að fundargerðir verði sendar á aðildarsveitarfélög.

2. Nafnabreyting á félaginu

Félaginu hefur borist ábending frá fyrirtækjaskrá um að nauðsynlegt sé að breyta nafninu. Nauðsynlegt er að breyta samþykktum vegna nafnabreytingarinnar og þarf til þess samþykki stofnenda.

Lagt er til nafnið Arnardrangur íbúðafélag hses.

Stjórn leggur til við starfsfólk Bergrisans að vinna að breytingum á samþykktum og undirbúa stofnendafund.

3. Önnur mál

Starfsfólk Bergrisans upplýsti um ýmis mál.

- Leigufjárhæð í Nauthaga.
- Úthlutun í Nauthaga og áætluð opnun.
- Uppgreiðslu á framkvæmdaláni.
- Stofnun nýrrar sameignar, aðgangsstýringar og skjalavistunaráætlun.

Fundi slitið klukkan 14:53.

Undirritunarsíða

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir



Undirritað af:
Fjóla Steindóra
Kristinsdóttir
2702725849
Dags: 03.05.2024
Tími: 11:33:01
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f85a72e3-e683-
4fd6-ab91-05a567d5dc66

Anton Kári Halldórsson



Undirritað af:
Anton Kári Halldórsson
0305833539
Dags: 06.05.2024
Tími: 15:25:03
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f85a72e3-e683-
4fd6-ab91-05a567d5dc66

Ása Valdís Árnadóttir



Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 06.05.2024
Tími: 13:13:37
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: f85a72e3-e683-
4fd6-ab91-05a567d5dc66

 DIGITAL SIGNATURE	14.5.2024 11:31:47 GMT	 DIGITAL SIGNATURE	14.5.2024 11:34:51 GMT	 DIGITAL SIGNATURE	14.5.2024 13:11:44 GMT	 DIGITAL SIGNATURE	14.5.2024 16:18:45 GMT
<i>Ása Valdís Árnadóttir</i>		<i>Jónína Brynjólfsdóttir</i>		<i>Árni Eiríksson</i>		<i>Guðný Birna Guðmundsdóttir</i>	
Ása Valdís Árnadóttir Reason: Signature		Jónína Brynjólfsdóttir Reason: Signature		Árni Eiríksson Reason: Signature		Guðný Birna Guðmundsdóttir Reason: Signature	
 DIGITAL SIGNATURE	15.5.2024 19:31:25 GMT	 DIGITAL SIGNATURE	16.5.2024 09:54:00 GMT				
<i>Knútur Emil Jónasson</i>		<i>Einar Kristján Jónsson</i>					
Knútur Emil Jónasson Reason: Signature		Einar Kristján Jónsson Reason: Signature					

Fundargerð 72. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2024, fimmtudaginn 2. maí kl. 16:30 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar á Egilsstöðum.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Árni Eiríksson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson og Einar Kristján Jónsson sem var í fjarfundi.

Að auki sátu fundinn Jóhannes Ágúst Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Orkufundur 2024 - 2403002SO

Umræður um Orkufund.

Stjórn samþykkir að halda Orkufund í kjölfar aðalfundar í haust, 9 október kl: 14:00-15:30.

2. Fræðsluferð stjórnar - 2011004SO

Stjórn SO hefur ákveðið að fara í sérstaka fræðsluferð um Austurland og kynna sér stöðu orkumála. Dagskrá kynningar verður eftirfarandi:

Kynning á Fljótsdalsstöð - Sindri Óskarsson, stöðvarstjóri

Kynning á starfsemi og fyrirhuguðum virkjanakostum Landsvirkjunar - Þóra Arnórsdóttir, forstöðumaður samskiptamála og Kristín Linda Árnadóttir, aðstoðarforstjóri

Kynning á Samorku - Finnur Beck, framkvæmdastjóri

Kynning á starfsemi Hitaveitu Egilsstaða og Fella (HEF) - Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri

Stjórn SO vill þakka Jónínu Brynjólfsdóttur sérstaklega fyrir að hafa skipulagt þessa fræðsluferð.

3. Skilvirkari leyfisveitingar á sviði umhverfis- og orkumála - 2202003SO

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 94/2024, „Skilvirkari leyfisveitingar á sviði umhverfis- og orkumála“.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga vill líkt og ávallt í sínum umsögnum benda á eftirfarandi punkta:

Hafa þarf í huga hagaðila og þar með nærsamfélög við þessa vinnu og skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga áskilur sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum málsins og er tilbúin í samtal um þessi mál.

4. Umsögn um frumvarp - 2202003SO

Lögð fram umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi.

Stjórn samþykkir umsögnina og leggur til að hún verði send inn í samráðsgátt stjórnvalda.

Fundi var slitið kl. 18:00



609. fundur stjórnar SASS

fjarfundur

10. maí 2024, kl. 12:30 – 14:50

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Árni Eiríksson, Einar Freyr Elínarson, Brynhildur Jónsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Grétar Ingi Erlendsson og Njáll Ragnarsson. Arnar Freyr Ólafsson forfallaðist. Einnig taka þátt Ólafur Gestsson endurskoðandi hjá PwC sem tengist fundinum undir dagskrárlíð 2.c. og Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð. Fundarmenn tengjast fundinum í gegnum fjarfundarhugbúnað.

Formaður býður fundarmenn velkomna.

1. Fundargerðir

Fundargerðir 607. og 608. funda staðfestar. Verða undirritaðar síðar.

2. Aukaaðalfundur SASS í Vestmannaeyjum

a. Dagskrá

Formaður kynnir uppfærð drög að dagskrá aukaaðalfundar SASS í Vestmannaeyjum 7. júní nk. Framkvæmdastjóra falið að uppfæra dagskrá í samræmi við umræður á fundinum.

b. Tillögur um breytingar á samþykktum

Formaður kynnir tillögur um breytingar á samþykktum samtakanna. Formaðurinn og Árni sem sitja í starfshópi stjórnar um samþykktir hafa fjallað um málið. Niðurstaða þeirra er að í stað þess að taka samþykktirnar til gagnerrar endurskoðunar er lagt til að tvær tillögur verði teknar til afgreiðslu á aukaaðlafundinum en það er tillaga allsherjarnefndar sem lá fyrir fyrir síðasta ársþing samtakanna um að vera með tvo fundi á hverju ári, þ.e. vor- og haustfund og tillögu bæjarfulltrúa Sv. Árborgar um fjölda þingfulltrúa frá hverju sveitarfélagi.

Stjórn SASS samþykkir að leggja tillögurnar fyrir aukaaðalfundinn til afgreiðslu og er framkvæmdastjóra falið að uppfæra gögn í samræmi við umræður á fundinum. Stjórn hvetur jafnframt innviðaráðuneytið til að taka næstu skref með niðurstöður skýrslu starfshóps sem skipaður var til að fjalla um stöðu og hlutverk landshlutasamtaka.

c. Ársreikningur SASS 2023

Ólafur endurskoðandi PwC kynnir drög að ársreikningi samtakanna fyrir 2023.

Stjórn samþykkir reikning fyrir sitt leyti og felur framkvæmdastjóra að uppfæra hann í samráði við endurskoðanda en sú breyting skal byggja umræðum á fundinum s.s. um að framvegis skuli eign samtakanna uppfærast árlega í bókum samtakanna í samræmi við breytingu á fasteignamati. Ársreikningurinn verður undirritaður rafrænt af stjórn 23. maí nk.



3. Sóknaráætlun Suðurlands

a. Stefnumörkun 2025 – 2029

Formaður kynnrir hugmyndir um verklag við mörkun stefnu fyrir Sóknaráætlun Suðurlands 2025 – 2029 en fyrsti formlegi vinnufundur er fyrirhugaður á aukaaðalfundi samtakanna í júní nk.

b. Framhald verkefnisins Orkídeu

Framkvæmdastjóri kynnrir áform um að framhald Orkídeu verkefnisins en núgildandi samstarfssamningur rennur út í árslok 2024. Samstarfsaðilar SASS, Landsvirkjun, Landbúnaðarháskólinn og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, hafa lýst yfir vilja sínum til að halda samstarfinu áfram.

Stjórn SASS samþykkir áframhaldandi þátttöku í áhersluverkefninu næstu þrjú árin og verja til þess árlega 15 m.kr. gefið að fyrrgreindir samstarfsaðilar samþykki einnig að haldi áfram þátttöku.

d. Umhverfisverkefni tengd samningi við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Formaður kynnrir hugmyndir um framhald af verkefninu Umhverfis Suðurland sem gengur undir nafninu Umhverfis Ísland. Verkefnið er í kynningu hjá öðrum landshlutasamtökum og verður útfært nánar eftir samráð við þau, Umhverfisstofnun, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og sambandið.

d. Uppbyggingarsjóður - Árangursmat og þjónustukönnun

Fyrir liggja niðurstöður í tveimur könnunum sem tengjast Uppbyggingarsjóði Suðurlands en þar er annars vegar verið að kanna árangur hjá styrkþegum af að hafa fengið styrk og hins vegar að kanna viðhorf aðila til þjónustunnar hjá SASS og samstarfsaðilum.

Í þjónustukönnuninni kemur m.a. fram að umsækjendur vilja hafa tvær úthlutanir á ári, að fjárhæðir og fjöldi styrkja eigi að ráðast af eðli umsókna/verkefna, ánægja er með umsóknarformið, fleiri umsækjendur fá ábendingar um Uppbyggingarsjóð frá ráðgjöfum og ánægja er með þjónustu ráðgjafa á vegum SASS.

Niðurstöður árangurskönnunarinnar sem á við úthlutun árið 2021 er vart marktæk þar sem svarhlutfallið var lítið. Í menningarhluta könnunarinnar má sjá að stærsti hluti svarenda telja að verkefnið hefði ekki orðið að veruleika ef styrkveiting hefði ekki fengist, að framhaldi verði af verkefninu og flestir töldu þörf á aukinni stuðningsþjónustu við menningu- og listir á Suðurlandi og þá hlest á sviði fjármála og/eða fjármögnunar. Einnig kom fram að aðilar telja upphæðir í menningarstyrkja of lágar. Í atvinnuþróunar og nýsköpunar hluta könnunarinnar telja flestir að styrkveiting hafi eða muni eiga þátt í því að auka veltu, að þörf sé á aukinni stuðningsþjónustu við frumkvöðla eða fyrirtæki, þörf er á frekari stuðningsþjónustu við fjármál og/eða fjármögnun og aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði.

Niðurstöður beggja kannana má finna á heimasíðu samtakanna.

4. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórnna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 20. fundar stjórnar SSA, fundargerðir 148. og 149. funda stjórnar Austurbrúar, fundargerðir 179. fundar stjórnar og aðalfundar SSV, fundargerðir 105. og 106. funda stjórnar SSVN, fundargerðir 62. fundar stjórnar og



þinggerð vorfundar SSNE, fundargerðir 576. – 577. funda stjórnar SSH, fundargerð 947. fundar stjórnar sambandsins og fundargerðir 6. – 9. funda stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni frá síðasta fundi s.s.: undirbúningur fyrir aukaaðalfund í júní nk., gerð ársreikninga, áframhaldandi þátttaka í sprettstarfshópi sem skipaður var af mennta- og barnamálaráðherra, Svæðisskipulag fyrir Suðrhálendið og fundir með Vegagerðinni um almenningssamgöngur.

c. Farsæld barna – svæðisskipan

Formaður kynnir sameiginlegar niðurstöður starfshóps um starfsstöðvar/samhæfða svæðaskipan tengt farsæld barna. Tillaga er um að næstu skref í verkefninu felst í eftirfarandi:

1. SASS hafi samband við sveitarfélögin í landshlutanum og sækji til þeirra umboð til að gera viðaukasamning undir merkjum Sóknaráætlunar við mennta- og barnamálaráðuneytið.
2. SASS sendi staðfestingu til ráðuneytisins um áhuga sveitarfélaganna til þátttöku. Auk þess verði send gróf lýsing á því hvernig samtökin sjá fyrir sér að verkefnið sé unnið, t.a.m. tímalínu, rökstuðning fyrir hálfu eða heilu stöðugildi, umfangi og verklagi.
3. Viðaukasamningur verður í framhaldi gerður við sóknaráætlun landshlutans Suðurlands þar sem verkefnið er útfært nánar.

Að þeim loknum er samningurinn útfærður í samráði við SASS og með mögulegri undirritun fyrir lok mánaðarins, auglýst yrði fljótlega eftir verkefnisstjóra, verði þetta samþykkt, sem geti hafist handa með haustinu.

Stjórn SASS telur mikilvægt að unnið sé þvert á landshlutann að samhæfingu með farsæld barna að leiðarljósi. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna samkvæmt fyrrgreindu verklagi og kalla eftir afstöðu og umboði sveitarfélaganna.

d. Staða almenningssamgangna

Formaður kynnir erindi frá skipulagsfulltrúum Ölfuss, Hveragerðisbæjar og Sv. Árborgar um almenningssamgöngur.

Stjórn SASS tekur undir það sem kemur fram í áskorun skipulagsfulltrúa Hveragerðis, Ölfus og Árborgar þar sem stjórnvöld, sveitarstjórnir og viðeigandi stofnanir sem að málum koma eru hvött áfram til góðra verka í þágu almenningssamgangna, auk samráðs við sveitarfélög á Suðurlandi.

e. Málefni FSu - hugmyndir um stækkun skólans

Jóhanna Ýr vekur athygli á áformum ríkisins um stækkun verknámshúss Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu).

Stjórn SASS hvetur sveitarfélögin sem koma að uppbyggingu FSu til að huga að þessu við gerð fjárhagsáætlunar 2025 enda er móttframlag þeirra 40%.



f. Afmælishátíð í tilefni af 80. ára lýðveldisins 2024

Formaður kynnir stöðu málsins en afmælisins verður m.a. minnst með flutningi kóralags, gönguferðar um Þjóðlendur, útgáfu bókarinnar „Fjallkona. Þú er móðir vor“ og að boðið verði upp á lýðveldis köku á Þjóðhátíðardaginn á völdum stöðum.

Næsti fundur stjórnar er staðfundur sem haldinn verður í Vestmannaeyjum fimmtudaginn 6. júní nk. kl. 14:30.

Fundi slitið kl. 14:50

Ásgerður K. Gylfadóttir
Einar Freyr Elínarson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Árni Eiríksson
Brynhildur Jónsdóttir
Njáll Ragnarsson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Grétar Ingi Erlendsson



Fundargerð stjórnar SOS nr. 326

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

Dagsetning og tími: 14. maí kl. 14:00.

Mætt voru Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB) í fjarfundarbúnaði, Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS) í fjarfundarbúnaði, sem ritaði fundargerð. Þá mættu á fundinn starfsmenn SASS, Elísabet Björney Lárusdóttir og Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir í fjarfundarbúnaði, og Bjarni Guðmundsson.

1. Elísabet Björney Lárusdóttir og Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir fara yfir kynningar- og fræðslumál, Umhverfis Suðurland (Ísland) og svæðisáætlanagerð

Elísabet Björney og Guðrún Ásdís fara yfir möguleika í kynningar- og fræðslumálum á vegum SOS og í sameiginlegri svæðisáætlanagerð fyrir Suðurlandið o.fl.

A.

Guðrún Ásdís fer yfir áhersluverkefni Sónarnáætlunar Suðurlands, *Umhverfis Suðurland*, sem hefur verið að þróast yfir í að ná yfir allt Ísland. Verkefnið hefur það að markmiði að fræða og auka vitund íbúa um umhverfismálin og hvetja grasrótina til góðra verka og snýst um að einfalda stoðkerfið og boðleiðir í tengslum við málaflokkinn og veita faglegan stuðning til íbúa á Suðurlandi. Stefnt er að því að skapa netvang þar sem stoðkerfi umhverfismála verður skilgreint. Rætt um nauðsyn þess að hafa verkefnastjóra yfir slíku verkefni sem haldi utan um það, útbúi og miðli fræðslu til íbúa, greini stoðkerfi og vinni að þarfagreiningu, komi hugsanlega að verkefnum sem eru bundin við afmörkuð svæði á Suðurlandi eins og verkefnið *Umhverfis Hornafjörð* o.fl. Jafnframt rætt um mikilvægi þess að koma út samræmdum leiðbeiningum og fræðslu um m.a. flokkunarkerfið með einföldum skilaboðum sem eru öllum íbúum aðgengileg.

Stjórn SOS lýsir yfir áhuga á aðkomu að verkefninu með það að markmiði að koma samræmdum leiðbeiningum og fræðslu til íbúa aðildarsveitarfélaga SOS. Farið yfir mögulegar útfærslur að aðkomu SOS að verkefninu og ákveðið að Guðrún Ásdís og Elísabet Björney stilli upp tillögu að útfærslu á aðkomu SOS að afmörkuðum hlutum áhersluverkefnisins *Umhverfis Suðurland* með hliðsjón af kostnaðaráætlun verkefnisins og með þessi markmið SOS í huga.

B.

Elísabet Björney fer yfir stöðuna varðandi sameiginlega svæðisáætlanagerð skv. lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Sveitarfélög á Suðurlandi að Mýrdal eru

Þátttakendur í sameiginlegri svæðisáætlun 2022-2033 ásamt Sorpu, Kólku og Sorpurðun Vesturlands. Rætt um áhrif nýju hringrásarlaganna nr. 103/2021 á gildandi svæðisáætlun og stöðu þeirra sveitarfélaga á Suðurlandi sem ekki eru hluti af SOS og eru ekki með löggilda svæðisáætlun. Farið yfir möguleikann á sameiginlegri svæðisáætlun fyrir allt Suðurlandið sem myndi byggja á innleiðingu á hringrásarhagkerfi á Suðurlandi og mögulegan ávinning og samlegðaráhrif af því að vinna slíka svæðisáætlun fyrir Suðurlandið í heild.

Stjórn SOS tekur vel í að unnin verði sameiginleg svæðisáætlun fyrir Suðurlandið í heild sinni. Formanni falið að vinna málið áfram í samráði við stjórn SASS vegna þeirra sveitarfélaga á svæðinu sem standa fyrir utan SOS varðandi mögulega útfærslu og næstu skref.

2. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið klukkan 16:00.



1. fundur Öldungaráðs Uppsveita og Flóa kjörtímabilið 2022-2026 haldin á Borg í Grímsnesi 15. maí 2024 kl. 15:00

Mættir eru:

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir, Grímsnes-g Grafningshreppi, formaður
Stefán Arngrímsson Hrunamannahreppi, varamaður
Stefanía Hákonardóttir, Bláskógabyggð
Halla Kjartansdóttir, Flóahreppi
Lilja Össurardóttir, Skeiða-og Gnúpverjahreppi
Bergljót Þorsteinsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Skeiða-og Gnúpverjahreppi
Guðrún Alfreðsdóttir, fulltrúi félags eldri borgara í Hrunamannahreppi
Geirþrúður Sighvatsdóttir, fulltrúi félagi eldri borgara í Bláskógabyggð, varamaður
Anný Ingimarsdóttir, fulltrúi Skóla-og velferðarþjónustu Árneshvígs, starfsmaður ráðsins

Ásta Oddleifsdóttir, fulltrúi heilsugæslunnar í Laugarási boðaði forföll

Formaður, Sigríður Kolbrún Oddsdóttir setti fundinn og óskaði eftir að Anný Ingimarsdóttir, ritaði fundargerð og var það samþykkt.

Þar sem þetta var fyrsti fundur ráðsins kynntu ráðsmenn sig og hvaðan þeir kæmu.

Dagskrá:

1. **Erindisbréf fyrir öldungaráð Uppsveita og Flóa** – lagt fram til kynningar
2. **Dagvistun fyrir aldraða** – Lagt er fram bréf frá Jóhönnu Valgeirsdóttur, hjúkrunarforstjóra Heilsugæslunnar í Laugarási og Sigrúnu Símonardóttur, forstöðumanni heimaþjónustu hjá velferðarþjónustu Árneshvígs. Öldungaráð þakkar fyrir bréfið og bókar eftirfarandi:
Öldungaráð telur að dagvistun fyrir aldraða sé mjög mikilvægur þáttur í að aldraðir geti búið sem lengst heima og viðbót við þá þjónustu sem verið er að veita í dag. Í dag eru 41 heimili á svæðinu sem njóta þjónustu heimahjúkrunar heilsugæslunnar í Laugarási og 68 heimili eru að fá þjónustu frá velferðarþjónustu í uppsveitunum Árneshvígs. Öldungaráð Uppsveita og Flóa telur að það sé mikil þörf á að koma á fót dagvistun í uppsveitum Árneshvígs. Dagvistun fyrir eldri borgara mun m.a. létt álagi og áhyggjum af aðstandendum. Öldungaráð vísar í bréf frá hjúkrunarforstjóra heilsugæslunnar í Laugarási og forstöðumanni heimaþjónustu hjá velferðarþjónustunni til frekari rökstuðnings fyrir þörf á dagdvöl fyrir eldri borgara á svæðinu.

3. Önnur mál

- Rætt um aðgengismál hjá stofnunum sveitarfélaganna. Öldungaráð skorar á sveitarfélög að skoða þessi mál og bæta úr hjá sér ef þörf er á. Einnig mikilvægt að hafa upplýsingar um þjónustu við eldri borgara sýnilega á aðgengilegu formi s.s. á heimasíðu og/eða bæklingi.
- Næsti fundur verður haldin miðvikudaginn 2. október 2024 kl. 15:00 í Brautarholti

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 16:20

Sigríður Kolbrún Oddsdóttir
Halla Kjartansdóttir
Lilja Össurardóttir
Stefanía Hákonardóttir
Stefán Arngrímsson
Bergljót Þorsteinsdóttir
Guðrún Alfreðsdóttir
Geirþrúður Sighvatsdóttir
Anný Ingimarsdóttir